

Reykjavík, 26.01.2006

Kæri félagi í Verkfræðingafélagi Íslands

Nú stendur yfir allsherjaratkvæðagreiðsla um hvort sameina eigi VFÍ, TFÍ og SV í eitt félag. Þetta mál hefur verið undirbúið af stýrihópi skipuðum formönnum og varaformönnum félaganna þriggja og mikill meirihluti stjórnanna allra félaganna er hlynntur þessari sameiningu, þar af 6 af 7 stjórnarmönnum VFÍ. Forsaga þessa máls hefur verið kynnt á kynningarfundum sem og í Verktækni og er megnið af þeim gögnum að finna á heimasíðu félagsins.

Grunnhugmyndin er sú að búa til nýtt félag undir merkjum endurskipulagðs VFÍ sem sinnir hagsmunum verkfræðinga og tæknifræðinga í hvívetna, þ.e. að búa hér til gagnvirkt félag sem verður mun öflugra en félögin þrjú eru í dag. Þú sem félagsmaður í VFÍ þarft að spyrja þig eftirfarandi tveggja lykilsurninga:

- a) Eiga verkfræðingar og tæknifræðingar það margt sameiginlegt að betra sé að vera saman í félagi eða eru hagsmunir það ólíkir að betra sé að vera í sitt hvoru félaginu og halda núverandi ástandi óbreyttu?
- b) Fara faglegir og kjaralegir hagsmunir saman eða er hætta á árekstrum ef SV og VFÍ sameinast og því betra að halda óbreyttu ástandi?

Á sameiginlegum vinnufundi stjórnanna SV og VFÍ í maí 2004 voru rædd hin ýmsu hagsmunamál verkfræðinga. Þar var meðal annars varpað fram þeirri spurningu hvort við verkfræðingar séum betur eða verr sett í einu sameiginlegu félagi til að;

- sinna kjaramálum,
- sinna menntamálum,
- sinna fagmálum,
- hafa meiri slagkraft í þjóðfélagsumræðunni,
- auka möguleika félagsins til að bæta enn frekar ímynd stéttarinnar,
- auka þjónustu við félagsmenn,
- auka félagsaðild.

Undantekningalaust voru fundarmenn sammála því að við værum betur sett saman í einu félagi en að halda óbreyttu ástandi.

Andstæðingar sameiningarinnar hafa almennt lítið lagt til málanna í umræðunni hingað til en nýlega fór þó í dreifingu bréf frá einum af stjórnarmönnum VFÍ þar sem sameiningunni er andmælt. Mjög mikilvægt er að félagsmenn séu vel upplýstir um helstu rök með og á móti sameiningu og hefur meirihluti stjórnar VFÍ því ákveðið að dreifa bréfinu með mótrökunum til allra félagsmanna. Hér neðan má sjá rök þau gegn sameiningu sem talin eru upp í ofanefndu bréfi (*skáletrað*) en svör meirihluta stjórnarmanna eru einnig gefin (venjulegt letur).

- “Endurskoðandi félagsins telur lítil sem engin samlegðaráhrif við fyrirhugaða sameiningu”. Framkvæmdastjóri VFÍ er ósammála þessari staðhæfingu. Hann hefur lýst þeirri skoðun sinni að miðað við óbreitta starfsemi megi ná fram allt að 20% sparnaði til viðbótar þeim sparnaði sem þegar hefur náðst með náinni samvinnu félaganna.
- “Félagsgjald VFÍ félaga hækkar við sameininguna um 30% m.v. núverandi forsendur”. Mögulegt er að félagsgjald hækki fyrir þá sem eingöngu eru félagar í VFÍ en ekki félagar í SV, en það er rúmlega helmingur allra félagsmanna í VFÍ. Fyrir hinn hluta félagsmanna, eða tæplega helming þeirra, sem eru einnig félagsmenn í SV, þá lækkar

félagsgjald þeirra. Annars er ekkert búið að ákveða um félagsgjöld, þau verða ákveðin á aðalfundi félagsins. Árgjald VFÍ í dag er 20.000 kr, árgjald TFÍ er 25.500 kr, því er sennilegt að aðalfundur ákveði árgjald sem er í takt við þessar tölur.

- *“Verkfræðingafélagið á miklar eignir sem ganga inn í nýtt félag. Félagið á Engjateig 9 og hluta í Engjateigi 7. Tekjur af eignarhluta félagsins í Engjateigi 7 hafa nýst til niðurgreiðslu félsgjalda. Árið 2004 námu þær 4,4 m. kr., eða rúmlega 31% af félagsgjöldum”*. Um 10% af veltu sjóða í vörslu SV og TFÍ munu ganga til rekstrar sjóðanna og félagsins, eða um 6 m. kr. á ári. Þetta er meira en við fáum út úr eignum VFÍ árlega. Þannig á einn aðilinn mikinn höfuðstól og hinir aðilarnir velta digrum sjóðum, en þetta tvennt kemur öllum félagsmönnum til góða. Einnig er rétt að rifja upp samþykkt síðasta aðalfundar VFÍ þar sem skipuð var Húsnefnd til að fjalla um hvað gera ætti við þessar eignir. Nefndarmenn voru sammála um að Engjateigur 9 ætti að renna óskiptur inn í nýtt félag en voru ekki á eitt sáttir varðandi Engjateig 7. Stjórn VFÍ samþykkti á stjórnarfundum í desember s.l. að þessar eignir skyldu renna inn í nýtt félag. Meirihluti stjórnarinnar var þó á því að það mætti selja hlut félagsins í Engjateigi 7 og stofna einhverskonar verðlaunasjóð fyrir verk- og tæknifræðinga og/eða verðlauna nemendur á einhvern hátt. Hugmyndin var að slíkur sjóður væri bæði fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga og félagsmönnum því ekki mismunandi í þeim efnum. Ákveðið var að ef sameining næði fram að ganga myndi stjórn nýs félags taka ákvörðun um þetta mál. Nú er það svo að fjölmargir félagsmenn greiddu í raun fyrir húsið að Engjateigi 9 í formi herra félsgjalda á árum áður og skal þakka þeim enn og aftur fyrir þau framlög. Það er þó svo að félagsmenn eiga ekkert í húsinu, félagið á þessar eignir. Enginn félagsmaður á því tilkall til þessara eigna og ef svo væri, þá ætti sá sem gengur í VFÍ í dag jafnmikið í þessum eignum og sá sem hefur verið í félaginu í 50 ár.
- *“Hagsmunir fagfélags og stéttarfélags geta sem hægst rekist á”*. Mörg félög eru fag- og stéttarfélög, t.d. Læknafélagið, ekki virðast hagsmunarárekstrar vera mikið vandamál þar. Í langflestum tilvikum styðja faglegir og kjaralegir hagsmunir hvor aðra. Sem dæmi má nefna að ein árangursríkasta kjarabaráttan til lengri tíma litið felst í bættri ímynd stéttarinnar. VFÍ sér að langmestu leyti um í þann þátt í dag þó kjaramál séu á könnu SV.
- *“SV og VFÍ veita sínum félagsmönnum fyrirmyndarþjónustu í dag”*. Félögin veita góða þjónustu í dag, um það er ekki deilt. Alltaf má þó gera betur og sem dæmi þá virðast félögin ekki höfða til ungra verkfræðinga sem bendir til að þar megi gera betur.
- *“Góð samvinna er milli félaganna þriggja og sátt meðal félagsmanna með núverandi fyrirkomulag”*. Það er alger óþarfi að vera með VFÍ og SV í tveim félögum. Og mjög gott að fá TFÍ inn í sama félag, þannig verða um 2/3 hlutar félagsmanna verkfræðingar og 1/3 hluti tæknifræðingar. Þessi störf byggja á sama grunni.
- *“Ekkert er því til fyrirstöðu að félögin þrjú boði til sameiginlegs ársþings þó þau sameinist ekki”*. Laukrétt, en sameinað félag er sterkara og betra fyrir ökkur öll.
- *“Núverandi fyrirkomulag tryggir að félagsmenn geti valið þá þjónustu sem hver og einn hefur þörf fyrir og áhuga á”*. Félagsmenn geta áfram valið um þjónustu.
- *“Margir félagsmenn í VFÍ eru í starfi sínu skyldugir til að vera í öðrum stéttarfélögum en SV, þeir koma því til með að greiða í tvö stéttarfélög ef af sameiningu verður. Má þar nefna forstöðumenn ríkisstofnana, háskólakennara og fl., auk þess sem sumir telja hag*

sínum best borgið utan stéttarféлага”. Forstöðumenn ríkisstofnana hafa ekki verkfallsrétt og greiða því ekki í stéttarfélög. Þeir mega hinsvegar vera í nýju VFÍ, sem er fagfélag og stéttarfélag. Öllum verkfræðingum og tæknifræðingum mun verða frjálst að velja hvort þeir vilji vera í VFÍ eða ekki. Í 22. gr. í drögum að lögum nýs félags segir að stjórn VFÍ geti veitt afslátt af félagsgjöldum, en tilgangur slíkrar greinar er einmitt að veita þeim sem greiða í önnur stéttarfélög (t.d. háskólakennurum) afslátt af félagsgjöldum í VFÍ.

- *“Þeim verkfræðingum sem vinna hjá hinu opinbera ber skylda til þess að vera í SV, en sumir þeirra hafa valið að standa utan VFÍ. Þeir verða fyrir umtalsverðri hækkun félagsgjalda við sameiningu*”. Rétt, félagsgjald fyrir þessa aðila mun sennilega hækka eitthvað.
- *“Meðal markmiða núverandi VFÍ eru:*
 - *Að efla verkfræðilega og vísindalega þekkingu félagsmanna,*
 - *Að auka álit verkfræðilegrar og vísindalegrar menntunar,*
 - *Að gæta hagsmuna stéttarinnar í hvívetna.**Er þessum markmiðum betur náð með fyrirhugaðri sameiningu?”*
Já! VFÍ verður mun sterkara og öflugra félag við sameiningu!
- *“Ef af fyrirhugaðri sameiningu verður er nánast ógjörningur að snúa til baka”*. Ákaflega margt getur gerst í þessu lífi og ekki er ómögulegt að til dæmis kjaramálin verði einhverntíma aftur tekin út úr VFÍ, eins og gerðist forðum. Nú, og næstu ár, er hinsvegar ljóst að við erum miklu sterkari saman.
- *“Ef að fyrirhugaðri sameiningu verður er hætt við að einhverjir verkfræðingar segi sig úr félaginu”*. Sú hætta er einnig fyrir hendi ef engar breytingar verða gerðar á félaginu. Félagsmenn þurfa að spyrja sig af hverju nær helmingur verkfræðinga og langstærstur hluti þeirra sem eru undir 40 ára kjósa að standa utan félagsins og hvort sameinað félag geti hugsanlega komið betur til móts við mismunandi þarfir.
- *“Ef öruggt að því stærra félag, því betra?”*. Sameining snýst ekki um að stækka félagið, heldur mun fremur að styrkja það með því að sameina krafta þeirra aðila sem við lítum svo á að eigi mun meira sameiginlegt en ekki. Óbreytt ástand tryggir ekki að félögin verði áfram öflug, það veltur á þeim sem veljast til forustu hverju sinni.

Við skorum á alla félagsmenn að greiða atkvæði og vakin er sérstök athygli á að autt atkvæði er sama og atkvæði greitt gegn sameiningunni, þar sem það þarf 2/3 greiddra atkvæða og autt atkvæði er jú greitt atkvæði.

Steinar Friðgeirsson, formaður VFÍ
Björn Karlsson, varaformaður VFÍ
Guðrún Ólafsdóttir, meðstjórnandi í VFÍ
Guðrún Rögnvaldardóttir, meðstjórnandi í VFÍ
Ásdís Elva Guðmundsdóttir, vara meðstjórnandi í VFÍ
Eysteinn Einarsson, vara meðstjórnandi í VFÍ